

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar nr. 561/2013.

1. gr.

3. málsgr. 10. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega a.m.k. 54 klukkustundum fyrir fund og í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 föstudag vegna fundar sem halda á mánudag þar á eftir.

2. gr.

3. mgr. 30. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarráð hefur umsjón með verkefnum sem tengjast atvinnu, frumkvöðlastarfsemi, samgöngumálum, menningarmálum og markaðs- og ferðamálum. Þá fer ráðið með nýtingu þess húsnæðis sem undir það heyrir auk annarra verkefna sem bæjarstjórn felur ráðinu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. samþykktarinnar:

a) 2. tölul. B-liðar samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Fræðsluráð. Fimm aðalmenn og fimm til vara.

b) 7. tölul. C-liðar samþykktarinnar fellur brott og breytast númer þeirra töluliða sem á eftir fara í samræmi við það.

4. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur samkvæmt ákvæðum 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu,

21. mars 2014

f.h.r.

HS og ST